

# Stofnun samvinnufélaga

## Námsskeiðslýsing byggð á verkefni Conventus

[Hér má nálgast námskrá vegna námsskeiðsins](#) Stofnun samvinnufélaga. Námsskráin er árangur af evrópska samstarfsverkefni Conventus sem miðaði að því að þróa kennslu fyrir stofnendur samvinnufélaga. Verkefnið var styrkt af Gruntvig starfsmenntaáætlun ESB og þátttakendur voru frá Finnlandi, Ítalíu, Svíþjóð og Póllandi auk Íslands.

Námsskráin er byggð upp með það fyrir augum að leiðbeina kennurum og leiðbeinendum. Auk þess má finna leiðbeiningar að dagskrá námsskeiðsins. Dagskráin byggir á reynslu af tilraunaverkefni sem íslensku þátttakendurnir stóðu fyrir fyrri helming ársins 2013. Þátttakendur í tilraunaverkefniinu var fólk á atvinnuleysissskrá sem stefndi að því að stofna eigið samvinnufélag.

Starfsemi samvinnufélaganna sem stofnuð verða sem afleiðing af þessu námsskeiði geta falist í ýmiss konar þjónustu eins og til dæmis viðhalds- og viðgerðarþjónustu, þjónustu við eldri borgara eða fatlaða, kaffihúsi o.s.frv. Leitast verður við að starfsemi þeirra samvinnufélaga sem verða stofnuð feli í sér samfélagslegan ávinning bæði fyrir þátttakendur og þá sem njóta þjónustu félaganna.

Markmið verkefnisins er annars vegar að veita þátttakendum tækifæri til atvinnu og sköpunar starfa.

Þátttakendur verða að sýna fram á virka þátttöku í verkefniinu. Virk þátttaka felst í eftirfarandi:

- Mæting í kennslustundir: Þátttakendur skulu kvitta fyrir mætingu í kennslustundir
- Skil á verkþáttum verkefnis: Þátttakendur skulu standa skil á eftirfarandi:
  - Skil á viðskiptaáætlun á tilsettum tíma
  - Aðild að stofnun samvinnufélags samkvæmt fyrirmælum námsskeiðshaldara

Standi þátttakendur ekki við þessar vörður, þá er þátttaka þeirra sjálfhætt.

Conventus verkefnið var styrkt af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Efnið sem hér er birt endurspeglar ekki stefnu eða ráðleggingar framkvæmdastjórnarinnar og er ekki ábyrg fyrir því sem hér kemur fram.

The Conventus project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.